

Sléttuhlíð deiliskipulag – tillaga að breytingu á skilmálum.

29.07.2010 BJ

Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á texta deiliskipulagsskilmála, grein 3.3:

Núverandi texti:

3.3 BYGGINGARGERÐ Á SVÆÐI A OG B

Byggingargerð er sú sama fyrir allt svæðið. Flest frístundarhúsin eru byggð á tímabilinu 1920-1980 og tilheyra því eldri byggðarmynstri. Gert er ráð fyrir að þær byggingar sem munu rísa verði í anda þeirra sem fyrir eru. Innan byggingarreits er heimilt að reisa hús allt að 100 m² að heildargrunnfleti á einni hæð. Leyfilegt er að hluti þess sé geymsla eða vinnustofa eða gestahús allt að 20 m², sem má vera samþyggt húsinu eða standa frítt. Heildarflatarmál bygginga verði þó ekki stærra en 100 m².

Mænishæð skal ekki fara yfir 6,0 m yfir gólfkóta jarðar. Þakahalli skal vera á bilnu 14-60°.

Texti eftir breytingu, breytingar undirstrikaðar:

3.3 BYGGINGARGERÐ Á SVÆÐI A OG B

Byggingargerð er sú sama fyrir allt svæðið. Flest frístundarhúsin eru byggð á tímabilinu 1920-1980 og tilheyra því eldri byggðarmynstri. Gert er ráð fyrir að þær byggingar sem munu rísa verði í anda þeirra sem fyrir eru. Innan byggingarreits er heimilt að reisa hús, samtals allt að 100 m² að heildargrunnfleti.

Heimilt er að reisa geymslu, vinnustofu eða gestahús allt að 20 m², sem skal standa frítt og mega byggingarnar ekki vera tengdar með þaki eða vegg. Birt grunnflatarmál skv. skráningartöflu aðalhúss og gestahúss má samtals ekki fara yfir 100 fm. Mænishæð aðalhúss skal ekki fara yfir 5.5 m yfir gólfkóta og veggħæð langħliða má ekki fara yfir 2,8 m yfir gólfkóta. Þakahalli skal vera á bilnu 14-60°. Mænisstefna gestahúss skal vera sú sama og aðalhús eða hornrétt á. Mænishæð gestahússins skal ekki fara yfir 4.5 m yfir gólfkóta þess.

Greinargerð um breytinguna.

Breytingin er orðalagsbreyting til að kveða skýrar á um leyfilega heildarstærð húsa og heildarumfang nýtanlegs rýmis. Sé byggt svefnloft er tryggt að það geti ekki orðið sér hæð, þar sem veggħæð langħliðar er takmörkuð og risið getur því ekki orðið portbyggt. Markmiðið er að halda byggingum innan ytri stærðarmarka, og skiptir þá ekki máli hvort gert er svefnloft í risinu eða ekki.



- 7 MAI 2013

201305017